



Alþingi
Erindi nr. P 128/1622
komudagur 10.3.2003

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

10. mars 2003

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til innheimtulaga (209. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 26. febrúar þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. SBV telja mörg atriði frumvarpsins jákvæð og til þess fallin að skýra betur stöðu innheimtuaðila og skuldara. Varasamt er þó að lögfesta slíkt frumvarp nema aðilar eins og réttarfarsnefnd hafi farið vandlega yfir málið og áhrif þess á gildandi réttarfar. Ef mat stjórnvalda eða löggjafans er að þörf sé slíkrar lagasetningar er eðlilegast að fela réttarfarsnefnd að vinna að samningu slíks frumvarps. SBV ætla ekki að fara að taka einstök ákvæði frumvarpsins til umfjöllunar hér, að fráskildu ákvæði 12. gr., um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar. Sú grein gengur gegn meginreglunni um frjálsa verðlagningu, enda hafa samkeppnisyfirvöld meinað einstökum starfsstéttum, s.s. lögmönnum, að viðhafa samræmda gjaldskrá. Hámarksákvæði hlýtur ávallt að leiða til þess að innheimtuaðilar munu styðjast við þá tölu við ákvörðun kostnaðar.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri